GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Hellu árið 2002.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 45/2002, skal á árinu 2002 vera kr. 8.161. Gjalddagi er 1. janúar og eindagi 27. mars vegna hunda sem eru á skrá um áramót, annars er 30 daga gjaldfrestur.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps 17. janúar 2002 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gildir fyrir árið 2002. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána 26. febrúar 2002.

Hellu, 28. febrúar 2002.

F.h. hreppsnefndar Rangárvallahrepps,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárvallahreppi árið 2002.

1. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárvallahreppi, sbr. samþykkt nr. 44/2002 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 2002, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

		kr.
a)	Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli m.v. 1 poka á viku	8.854
b)	Íbúðir í dreifbýli, þar sem pokahirða er ekki	4.427
c)	Sumarhús	2.952
d)	Fyrirtæki m.v. 1 pokagildi á viku (margf. í gámum)	8.854
e)	Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald (aðg. að sorphaugum), þar sem fyrirtækin annast sjálf leigu gáma og flutning á urðunarstað.	33.133

Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps 17. janúar 2002 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gildir fyrir árið 2002. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána 26. febrúar 2002.

Hellu, 28. febrúar 2002.

F.h. hreppsnefndar Rangárvallahrepps,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.